

Fundarnúmer:	572
Dagsetning:	24.11.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

572. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 24. nóvember 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhúss.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa Hestamannafélagsins Þyts.
2. Erindi Hestamannafélagsins Þyts.
3. Erindi Landgræðslu ríkisins.
4. Drög að samstarfssamningi um rekstur dagvistar fyrir aldraða.

Afgreiðslur:

1. Fulltrúar Hestamannafélagsins Þyts, Sigrún Þórðardóttir og Tryggvi Rúnar Hauksson eru mætt til fundar með byggðarráði og forstöðumanni tæknideildar, en félagið hafði óskað eftir þessum fundi vegna fyrirhugaðs Íslandsmóts barna, unglínga og ungmenna árið 2010. Farið var yfir drög að hugmyndum um tengingu hesthúsahverfis og vallarsvæðis félagsins með byggingu reiðleíða og ræsis yfir Ytri-Hvammsá. Fulltrúar félagsins lögðu áherslu á að unnið verði að þessum tengingum á árinu 2009 og telja þær mjög mikilvægar gagnvart framkvæmd fyrirhugaðs móts. Byggðarráð felur tæknideild að vinna áfram að gerð hönnunar, framkvæmda- og kostnaðaráætlunar.

2. Fram lagt bréf Hestamannafélagsins Þyts þar sem óskað er eftir auknu fjármagni til byggingar reiðhallar, framkvæmda á félagssvæði Þyts vegna Íslandsmóts barna, unglínga og ungmenna árið 2010 auk þess sem umhirðusamningur verði tekinn til endurskoðunar. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.

3. Fram lagt erindi Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir fjárstyrk, kr. 85.500-, frá Húnaþingi vestra vegna samstarfsverkefnisins „Bændur græða landið“ Í Húnaþingi vestra eru skráðir 19 þátttakendur í verkefninu en þeir bera árlega á um 30 tonn af áburði og hafa þannig grætt upp ótal hektara af eyddu landi. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2009.

4. Fram lögð drög að endurnýjuðum samstarfssamningi milli Húnaþings vestra og Heilbrigðisstofnunarinnar Hvammstanga um rekstur dagvistar fyrir aldraða. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans. Byggðarráð felur sveitarstjóra að annast kaup á bifreið og láta gera á henni viðeigandi breytingar m.t.t. ferlimála fatlaðra en áætlaður kostnaður er kr. 3.130.000-. Fjárhagsáætlun ársins 2008 breytist sbr. ofangreint.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 10:50

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Guðný Helga Björnsdóttir(sign.), Elín R. Líndal(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).